

Nd.

17. Frumvarp til laga

um ráðstafanir gegn dýrtíðinni.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal skipa þriggja manna ríkisverðlagsnefnd, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, til þess að hafa með höndum framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, í því skyni að halda niðri dýrtíðinni innanlands og vinna gegn verðbólgu.

Ríkisverðlagsnefnd skal, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, verja því fé, sem rennur í dýrtíðarsjóð samkvæmt 6. og 7. gr. laga þessara, til þess, eftir því sem unnt er, að halda niðri verðlagi til neytenda á erlendum og innlendum vörum og koma í veg fyrir verðhækkun.

Enn fremur er nefndinni heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að styðja þá innlenda framleiðendur, sem af styrjaldarástæðum verða að selja vörur sínar óeðlilega lágu verði, að undangenginni athugun á þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru.

Ef gengi íslenzkrar krónu verður hækkað, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 6 milljónum króna úr dýrtíðarsjóði til þess að standast útgjöld, sem á ríkissjóð falla vegna gengishækkunarinnar.

2. gr.

Ríkisverðlagsnefnd hefur með höndum verðlagsákvæðanir þær, sem nú eru í höndum verðlagsnefnda, sbr. lög nr. 118 2. júlí 1940, mjólkurverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 1 7. jan. 1935, kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. jan. 1935, og verðlagsnefndar þeirrar, er um ræðir í 9. gr. laga nr. 34 1. febr. 1936. Ríkisverðlagsnefnd hefur einnig það hlutverk að ákveða flutningsgjöld fyrir hvers konar flatning með íslenzkum skipum eða skipum, sem leigð eru af íslenzkum aðilum.

Nefndin ræður framkvæmdarstjóra og annað starfsfólk. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Ríkisverðlagsnefnd skal haga verðlagsákvörðunum þannig, að nettóágóði verði ekki vegna verðhækkunar vörunnar meiri að upphæð en tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum eða viðskiptum fyrir 1. sept. 1939 við sölu á sama vörumagni, að viðbættu hæfilegu álagi vegna aukinnar áhættu og kostnaðar við sölu vörunnar. Í því skyni ákveður hún hámarksverð á vörum eða hámarksálagningu, þar sem ekki verður komið við ákvörðun hámarksverðs. Þó má aldrei ákveða hærri álagningu á kornvörum, kaffi og sykri en 30% af innkaupsverði (cif.) samtals í smásölu og heildsölu. Við verðlagsákvörðanir skal ríkisverðlagsnefnd njóta aðstoðar verðlagsnefnda þeirra, er um ræðir í 2. gr., og er þeim skylt að láta henni í té allar þær upplýsingar, er hún óskar eftir.

4. gr.

Óheimilt er að taka herra flutningsgjald fyrir kornvörur, kaffi, sykur og hráefni til smjörlíkis- og kaffibætisgerðar (sbr. 5. gr.) með íslenskum skipum eða skipum, sem leigð eru af íslenskum aðilum, heldur en þau flutningsgjöld, sem Eimskipafélag Íslands tók fyrir flutninga á þessum vörum frá Kaupmannahöfn 1. sept. 1939.

Nú telur ríkisverðlagsnefnd, að þessi farmgjöld séu of lág, og skal þá greiða uppþætur á þau úr sjóði þeim, er um ræðir í 7. gr., eftir ákvörðun nefndarinnar, og sé þá tekið tillit til afkomu skipaeigenda árin 1940 og 1941.

5. gr.

Til 1. júlí 1943 skal fella niður tolla af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúg, rís með hýði og án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjóli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; sykri: strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri; kaffi, óbrenndu og brenndu eða brenndu og möluðu. Enn fremur af efnivörum til smjörlíkis- og kaffibætisgerðar; ákveður fjármálaráðuneytið, hvaða vörur tollskrárinnar falla þar undir.

Til sama tíma skal hækka um 50% tolla af: áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. lög nr. 60 30. des. 1939, og aðflutningsgjöld af sams konar vörum.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með reglugerð að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu og seldar eru með stríðsgróða, og má ákveða gjaldið allt að 10 af hundraði. Er ríkisstjórninni heimilt að ákveða mismunandi hátt gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum, miðað við framleiðslukostnað og söluverð.

7. gr.

Til þess að standast útgjöld af ráðstöfunum, sem ákveðnar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal stofna sérstakan dýrtíðarsjóð. Í sjóðinn skulu renna þau gjöld, sem ákveðin kunna að verða samkvæmt 6. gr., en auk þess hafi dýrtíðarsjóður þessar tekjur:

1. 8 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, er greiðist með jöfnum afborgunum mánaðarlega á tímabilinu 1. marz 1942 til 31. des. 1942.
2. Tekjur af stríðsgróðaskatti af skattskyldum tekjum ársins 1941, sbr. lög nr. 10 5. maí 1941, um stríðsgróðaskatt.
3. Leggja skal sérstakt gjald á hveiti, kaffi og sykur, sem úthlutað er sérstaklega til veitingahúsa, iðnfyrirtækja og brauðgerðarhúsa til kökugerðar (sbr. lög nr. 37 12. júní 1939).

Gjald þetta skal nema:

Fyrir kornvörur á kg.	kr.	0.20
— sykur á kg.	—	0.30
— kaffi á kg.	—	1.50

Auk þess skal leggja á þessar vörur gjald, sem nemur á hvert kíló sem næst þeim farmgjalda- og tollaívilnunum, sem veittar eru á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum laga þessara. Skömmtunarskrifstofa ríkisins sér um innheimtu á gjaldi þessu, og má krefja það sem stimpilgjald af skömmtunarseðlum þeim, er skömmtunarskrifstofa ríkisins úthlutar þessum fyrirtækjum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um innheimtu og ákvörðun gjaldsins í samráði við skömmtunarskrifstofu ríkisins.

- Frá gildistöku laga þessara og til 1. júlí 1943 skal gjald það af kvikmyndasýningum, sem greiða ber samkv. lögum nr. 56 31. maí 1937, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, sbr. lög nr. 74 7. maí 1940, innheimt með viðauka, er nemur 25% af andvirði seldra aðgöngumiða.

Nú telur ríkisstjórnin eigi nauðsynlegt að ráðstafa öllu fé dýrtíðarsjóðs samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skal þá afgangurinn lagður í sérstakan sjóð, er notaður verði til verklegra framkvæmda og atvinnuaukningar, þegar lokið er heimsstyrjöld þeirri, er nú stendur yfir.

8. gr.

Nú þykir sýnt, að eigi muni vera nægilega miklar birgðir af nauðsynjavörum á hverjum tíma, og er þá ríkisstjórninni heimilt að kaupa birgðir af nauðsynjavörum og sjá um dreifingu á þeim. Nauðsynleg ákvæði um þetta má setja með reglugerð og í henni ákveða viðurlög við brotum.

9. gr.

Ákvæði um innheimtu gjalda þeirra, er lög þessi fjalla um, skulu sett í reglugerð, svo og um eftirlit með framkvæmd hennar og refsingu fyrir brot á lögnum eða reglugerðinni.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá um leið úr gildi lög nr. 98 9. júlí 1941.

Greinargerð.

Frv. þetta er í öllum aðalatriðum samhljóða frv. því, sem þrír af þingmönnum Alþýðuflokksins, þeir Haraldur Guðmundsson, Finnur Jónsson og Emil Jónsson, fluttu í neðri deild á haustþinginu 1941. Fylgdi því þá ýtarleg greinargerð. Verður hér aðeins birtur stuttur útdráttur úr henni, og verður í honum höfð hliðsjón af þeim breytingum, sem nú hafa verið gerðar á frumvarpinu.

Síðan heimsstyrjöldin brauzt út hefur skapast hér í landinu ægileg dýrtíð eða verðbólga. Flestir virðast sammála um, að þessi þróun stefni til hins mesta ófarnaðar, en um orsakir dýrtíðarinnar og leiðina út úr ógöngunum eru menn ekki jafnsammála.

Flutningsmenn telja meginorsakir dýrtíðarinnar hingað til þrjár:

- Verðhækkun á erlendum vörum, og hefur hin mikla farmgjaldahækkun átt sinn drjúga þátt í henni.
- Hin stórfellda hækkun á innlendum neyzluvörum.
- Hin mikla kaupmáttaraukning, er stríðsgróði útgerðarinnar flæddi yfir landið og af völdum brezka setuliðsins hér á landi.

Í sambandi við hinar miklu farmgjaldahækkunir er bent á það, að eftirlit með farmgjöldunum hafi verið algerlega vanrækt, enda þótt augljóst sé, að farmgjaldahækkunin hlaut að leiða til mikillar aukningar á dýrtíðinni í landinu, að Eimskipafélag Íslands eitt hafi árið 1940 grætt á 5. millj. króna, þrátt fyrir gifurlega aukinn útgerðarkostnað. Ofan á þessar gifurlegu upphæðir eru síðan lagðir tollar og síðan álagning ofan á allt saman.

Um verðhækkun íslenskra afurðanna er bent á það, að þrátt fyrir hin háu farmgjöld hafi þó verðhækkun íslenskra afurða orðið langtum meiri en á erlendri nauð-

synjavöru og hafi hún venjulega verið um heimingi meiri en hækkun kaupgjaldsins á hverjum tíma.

Af 72 stigum, sem visitalan hafði hækkað 1. okt. 1941 stöfuðu 37 stig eða meira en helmingur frá hækkun á kjöti, fiski, mjólk og feitmeti og innlendum garð-ávöxtum. Þá er vakin athygli á því, að það eru opinberar verðlagsnefndir, sem hafa að miklu leyti staðið að verðhækkunum á ofangreindum vörum.

Hinn mikli stríðsgróði útgerðarinnar, sérstaklega af ísfiskssölunni, og dvöl og framkvæmdir hins erlenda setuliðs hafa skapað hina miklu kaupmáttaraukningu, sem er hin þriðja meginorsök dýrtíðarinnar. Hvort tveggja hefur skapað óhemju framboð á erlendum gjaldeyri, sem bankarnir hafa yfirfært, og síðan koma þessir peningar fram sem kaupgeta á íslenskum markaði. Þar sem vöruframboð hefur ekki aukizt að sama skapi og verðlagseftirlit auk þess verið ófullnægjandi, hefur afleiðingin orðið óeðlileg hækkun vöruverðs.

Þessari kaupmáttaraukningu hefði mátt mæta á tvennan hátt, með gengishækkun og skatti á stríðsgróðann.

Gengishækkunin hefur til þessa ekki verið fær vegna verzlunarsamninga við Breta, en þar sem viðhorfið er nú gerbreytt á þessu sviði, munu þingmenn Alþýðuflokksins leggja fram tillögur um, að gengi íslensku krónunnar verði hækkað til samræmis við það, sem það var fyrir gengisbreytinguna 1939.

Alþýðuflokkurinn hefur einnig lagt til, að stríðsgróðinn væri skattlagður miklu meira en gert hefur verið, bæði með hærri beinum stríðsgróðaskatti og útflutningsgjaldi á hinar háu togarasölur.

Það er að áliti flutningsmanna frumvarpsins hin mesta fjarstæða, að kaupupp-bót launþeganna sé ein af aðalorsökum dýrtíðarinnar. Kauphækkunin er afleiðing en ekki orsök dýrtíðarinnar. Er augljóst, að ef lægra kaup hefði verið greitt þetta tímabil, hefði hlutur stríðsgróðamannanna einungis orðið stærri, en engar líkur til þess, að verðbólgan hefði orðið minni, kaupmáttaraukningunni hefði aðeins verið öðruvísi skipt, auðurinn færst á enn færri hendur.

Þessu til stuðnings er bent á reynsluna 1914—1918, þegar kaupgjald hækkaði mjög lítið, en dýrtíðin óx jafnt og þétt engu síður en nú. Enn fremur á reynsluna árið 1940, þegar ekki var greidd full verðlagsuppbót.

Enda þótt Alþýðuflokkurinn viðurkenni ekki, að hægt sé að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar með þvingunarráðstöfunum gegn launastéttunum, telur hann hina mestu nauðsyn að gera öflugar ráðstafanir til viðnáms dýrtíðinni.

Áður var minnst á tillögur Alþýðuflokksins um gengishækkun og aukinn stríðsgróðaskatt.

Auk þess leggur Alþýðuflokkurinn til, að gerðar séu ráðstafanir þær, sem felast í þessu frumvarpi, og eru aðalatriði þess þau, sem hér segir:

1. Skipun 3 manna ríkisverðlagsnefndar eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokka-anna. Alþýðuflokkurinn leggur til, að hinn svo kallaði gerðardómur, sem nú er starfandi, sé lagður niður.
2. Fastari grundvallarreglur fyrir verðlagseftirlitið til þess að starfa eftir.
3. Lækkun farmgjalda á skömmtunarvörum niður í það, sem þau voru fyrir stríð, og sé þá miðað við Kaupmannahafnarfarmgjöld.
4. Afnáam allra tolla á þessum sömu vörum, auk nokkurra annarra vörutegunda.
5. Stofnun dýrtíðarsjóðs og ákvæði um tekjuöflun til hans til þess að koma í veg fyrir aukning dýrtíðarinnar. Dýrtíðarsjóði séu tryggðar ca. 13 millj. króna tekjur, auk útflutningsgjaldsins, eins og síðar skal nánar gerð grein fyrir.
6. Hinni almennu heimild um útflutningsgjald, sem nú er í lögnum, sé breytt í heimild til þess að leggja útflutningsgjald á vörur, sem seldar eru með stríðsgróða.
7. Úr dýrtíðarsjóði sé einnig varið fé til að styrkja þá framleiðendur, sem ekki fá viðunandi verð fyrir afurðir sínar, hvort heldur þær eru seldar innanlands eða fluttar út.

8. Heimild fyrir ríkisstjórnina, ef nauðsyn krefur, til að kaupa bírgðir af nauðsynjavörum og annast dreifingu þeirra á þann hátt, sem hún telur heppilegast. Skulu nú þessi 8 aðalatriði tillagnanna rædd nokkuð.

Um verðlagseftirlitið og farmgjöldin (1.—3.).

Í hinu fyrra frumvarpi Alþýðuflokksins var bent á þann megingalla verðlagseftirlitsins, að því væri dreift á marga aðila, sem ekkert samstarf hafa sín á milli og enga sameiginlega ábyrgð á því að halda niðri verðlaginu.

Núverandi stjórnarflokkar hafa nú loks fallið á þessa kröfu Alþýðuflokksins og hafa falið hinum svo kallaða gerðardómi eins konar yfirstjórn alls verðlagseftirlits. Þó þetta þýðingarmikla atriði hafi verið tekið úr tillögum Alþýðuflokksins, hefur þeim þó verið stórspillt að öðru leyti og því spurning, hvort ekki er verr farið en heima setið.

Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin við skipun dómsins gengið algerlega fram hjá samtökum launþega, og má það þó furðulegt heita, þar sem gerðardómnum er jafnframt ætlað að vera æðsta úrskurðarvald í kaupgjaldsmálum.

Í öðru lagi eru starfsreglur gerðardómsins, hvað verðlagseftirlitið snertir, algerlega ófullnægjandi. Gerðardómnum er fyrirskipað, eftir hvaða reglum hækka megi kaupið, en honum eru engin fyrirmæli gefin um verðlagsákvarðanirnar eða eftir hvaða reglum hann megi leyfa verðhækkunir. Virðist þetta harla einkennilegt. Eins og fyrr var getið, leggja flutningsmenn til, að „gerðardómur“ þessi verði lagður niður, en í hans stað á að koma ríkisverðlagsnefnd sú, sem um ræðir í 1. og 2. gr. þessa frv. Er gert ráð fyrir, að núverandi verðlagsnefndir verði aðeins ráðgefandi.

Í frumvarpinu eru ríkisverðlagsnefndinni gefnar ákveðnar meginreglur að starfa eftir, svipaðar því, sem tíðkast erlendis. Ætlað er til, að nefndin hafi einnig með höndum ákvörðun farmgjalda, og eru í frumvarpinu ákveðnar allmiklar farmgjaldalækkunir á skömmtunarvörum og nokkrum öðrum tilteknum vörum. Ekki er þó tilætlunin, að sú lækkun verði til þess, að farmgjöld á öðrum vörum verði hækkuð að sama skapi, heldur er gert ráð fyrir, að lækkunin sé greidd úr dýrtíðarsjóði, að svo miklu leyti, sem álitíð er að skipafélögin geti ekki borið lækkunina af gróða árána 1940 og 1941.

Um tollalækkunina (4.).

Lagt er til, að allir tollar á skömmtunarvörum og nokkrum öðrum vörum verði felldir niður. Auk þess munu þm. Alþýðuflokksins í sérstöku frumvarpi bera fram tillögur um breytingar á tollskránni til lækkunar.

Greinargerð hins fyrra dýrtíðarfrumvarps Alþýðuflokksins fylgdu útreikningar, sem sýndu, að ef tollalækkun þessi yrði framkvæmd, svo og sú lækkun á farmgjöldum og álagningu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mundu þær ráðstafanir einar nægja til þess að lækka vísitöluna um tæp 5 stig, og er þá aðeins tekin með hin beina lækkun vísitölnunnar, en ekki hin óbeina. Var þetta miðað við verðlagið 1. október.

Þótt skipafélögin hefðu fengið fullar uppbætur fyrir farmgjaldalækkunina, hefði þessi lækkun vísitölnunnar ekki þurft að kosta hið opinbera nema rúmlega 2,7 millj. króna, eða um 566 þús. kr. á hvert stig, sem vísitalan væri lækkuð. En vitanlega ættu skipafélögin að geta borið einhvern hluta þessa kostnaðar.

Um dýrtíðarsjóðinn (5. og 6.).

Dýrtíðarsjóði er fyrst og fremst ætlað að standa straum af útgjöldum til þess að koma í veg fyrir frekari hækkun vísitölnunnar, ef hægt er.

Er gert ráð fyrir, að dýrtíðarsjóður fái yfir að ráða um 13 milljón króna tekjum miðað við 1 ár, auk hugsanlegra tekna af útflutningsgjaldi. Fylgdi sérstök áætlun um tekjur dýrtíðarsjóðs hinu fyrra frumvarpi, og vísast til þess.

Verði gengi íslenzku krónunnar hækkað, þykir hæpið að gera ráð fyrir mjög miklum tekjum af útflutningsgjaldi, en sjálfsagt þykir þó, að heimildin standi, ef um háar ísfiskssölur yrði að ræða.

Rétt þykir, að kostnaðurinn við gengishækkunina verði að einhverju leyti greiddur úr dýrtíðarsjóði. Er því gert ráð fyrir, að verja megi allt að 6 milljónum króna úr sjóðnum í þessu skyni. Má og benda á það, að þörfin til framlaga úr dýrtíðarsjóði verður miklu minni, ef gengið er hækkað.

Ef afgangur yrði af fé dýrtíðarsjóðs, skal það geymt til þess að mæta þeim erfiðleikum og atvinnuleysi, sem búast má við eftir stríð, og til þess að hefja nýjar framkvæmdir.

Um verðuppbætur til framleiðenda og birgðasöfnun (7. og 8.).

Loks eru í frumvarpinu ákvæði um verðuppbætur til þeirra framleiðenda, sem ekki geta selt afurðir sínar viðunandi verði vegna styrjaldarástandsins og um heimild fyrir ríkisstjórnina til birgðasöfnunar af nauðsynjavörum. Visast um þetta til hinnar fyrri greinargerðar, svo og um önnur atriði frumvarpsins, sem ekki hefur verið dregið á hér.

Nánar í framsögu.